

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Skálmholt, L166375.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Skálmholt. Í breytinginni felst aukin byggingarheimild vegna skemmu innan byggingarreits Ú-1 og heimild til að reisa lítið gestahús innan íbúðarreits Í-1.

Samþykkt í sveitarstjórn 30. apríl 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Rimar 3, L212343.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi að Rimum 3 í landi Súluholts, sem felur í sér breytingar á byggingarheimildum er varðar aukahús á lóð (s.s. gestahús eða gróðurhús). Ekki er um að ræða aukningu á hámarks byggingarmagni innan lóða á svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 30. apríl 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Hjálmholt, L216498.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi lóðar Hjálmholts, L216498. Í breytingunni felst að notkun lóðarinnar, sem staðsett er innan landbúnaðarsvæðis, breytist úr frístundalóð í íbúðarlóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 30. apríl 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.